

6. gr.

21

Í stað „nr. 64 19. júní 1933“ í 17. gr. laganna komi: nr. 41 4. júní 1924.

28. maí

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

22

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

28. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

a. Í stað „vinstri“ í 3. málsg. 28. gr. laganna komi: hægri.

b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.